

3. Fundur í framkvæmdanefnd Þjóðkirkjunnar 2. febrúar 2023

Fundarmenn: Axel Árnason Njarðvík, Árni Helgason, Birgir Gunnarsson og Einar Már Sigurðarson.

Fundur hófst kl. 9:00.

Dagskrá:

1. Starfsmannamál (fært í trúnaðarbók)

2. Skipulag Þjóðkirkjunnar

Framkvæmdanefnd beinir því til stjórnenda kirkjunnar, Biskupsstofu og Rekstrarstofu, að umboð fylgi ákvörðunum og að tryggt sé að umboð sé til staðar. Framkvæmdanefnd bókar að Biskupsstofa og Rekstrarstofa skuli hafa samráð um útgjöld og ráðningar í störf. Framkvæmdanefnd mun óska eftir fundi með fulltrúum Biskupsstofu til að fara yfir þessi mál.

3. Fasteignamál

- a) Staðastaður: EG kynnti fyrirhuguð landskipti milli Staðastaðar og Traða. Lagt var fram tilboð eiganda Traða. Ákveðið að EG skyldi vinna málið áfram.
- b) Mosfell í Grímsnesi: BG lagði fram beiðni frá eigendum nágrennajarðar um kaup eða leigu á 28,5 ha spildu úr landi Mosfells. Ákveðið að skoða skyldi erindið nánar og ræða við umsækjendur um kaupverð eða leigugjald.
- c) Skógrækt á kirkjujörðum: BG lagði fram erindi frá Kolviði um áhuga á samstarfi um skógrækt á kirkjujörðum. BG tilkynnti að beiðninni sé hafnað.
- d) Saurbær: AÁN lagði fram drög að samningi vegna umhverfisverkefna að Saurbæ í Hvalfirði. Ákveðið að leggja skyldi málið fyrir Kirkjuþing.
- e) Kolfreyjustaður: AÁN bar fram fyrirspurn um fornleifaskráningu að Kolfreyjustað, hvort fjárveiting hafi fengist vegna hennar og hvort ýta eigi því af stað. Ákveðið að fulltrúar Rekstrarstofu skyldu skoða fjárveitingu í fjárhagsáætlun.
- f) Hof: AÁN lagði fram minnisblað vegna endurheimt votlendis að Hofi. Verkefninu er nú lokið.
- g) Reynivellir í Kjós: AÁN kynnti ósk Skógræktarfélags Reykjavíkur um fund um skógrækt á jörðinni. Ákveðið að kalla fulltrúa félagsins á fund Rekstrarstofu til að fara nánar yfir verkefnið.

4. Fjárhagsuppgjör

BG lagði fram uppgjör vegna fyrstu 11 mánaða ársins 2022 og fóru fram umræður um það.

5. Önnur mál

Rætt var um verkferla og vinnureglur.

Fundargerð var lesin upp og hún samþykkt samhljóða. Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 11:05.

Fundarritari: Eiríkur Guðlaugsson, lögmaður Rekstrarstofu.